

FW: Fundur heilbrigðisnefndar þann 31.október 2019- Fundargerð og fjárhagsáætlun

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir;Hjördís Práinsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: Fundur heilbrigðisnefndar þann 31.október 2019- Fundargerð og fjárhagsáætlun
Málsnúmer : 2019020071
Málsaðili : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Skráð dags : 01.11.2019 11:03:25
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi fundargerð_124_fundar_31. október_ 2019.pdf
fundargerð_124_fundar_31. október_ 2019.pdf

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 – upplýsingafulltrui@isafjordur.is

From: Anton Helgason [mailto:anton@hevf.is]

Sent: föstudagur, 1. nóvember 2019 10:48

To: Ísafjarðarbær ; Guðmundur Gunnarsson ; sudavik@sudavik.is; Jón Páll Hreinsson ; talknafjordur@talknafjordur.is; Reykholar@reykholar.is; Kaldrananeshreppur ; vesturbyggd@vesturbyggd.is; Strandabyggd@strandabyggd.is; arneshreppur@arneshreppur.is; fv@vestfiridir.is

Cc: gerdur@vesturbyggd.is; Annas Jón Sigmundsson ; Edda María Hagalín

Subject: Fundur heilbrigðisnefndar þann 31.október 2019- Fundargerð og fjárhagsáætlun

Sæl öll

Meðfylgjandi er fundargerð 124. fundar heilbrigðisnefndar haldinn þann 31. október í Bolungarvík, jafnframt fylgir með afrit af fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2020. Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður í byrjun desember áætluð dagsetning 5. desember.

Á fundinum var farið yfir væntanlegt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hollustuhætti nr. 7/1998. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að umsvif heilbrigðisnefnda við útgáfu starfsleyfa og reglubundið eftirlit mun dragast saman frá 1. júlí 2020 sem hefur í för með sér að tekjur heilbrigðisnefnda munu minnka og þjónusta dregst saman. Áætlað er að hjá heilbrigðisnefndum verði samdráttur tekna 12-16%. Lagt hefur verið til að frumvarpið verði degið til baka og unnið betur í samráði við aðila sem þekkja til málaflokksins og eiga hagsmuna að gæta þar á meðal sveitarfélögin og heilbrigðisnefndir þeirra. Heilbrigðiseftirlitið telur að áhrifin á Vestfjörðum sé skerðingin 2.676.318,53 ISK. Ekki er gert ráð fyrir þessari skerðingu í fjárhagsáætlun því frumvarp hefur ekki verið lagt fram og óvissa er þar sem gildistími er á miðju ári.

Í pípunum er skráningar reglugerð þar sem stór hluti þeirra fyrirtækja sem heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi mun verða skráningarskyld skv. væntnægri skráningareglugerð. Skráningin á að fara fram í gegnum skráningargátt hjá Umhverfisstofnun, starfsleyfisgjöld renna því til miðlæggar ríkisstofnunar en við eigum síðan að vera með eftirlit að hluta. Mjög er dregið í efa að sú einföldun sem boðuð er í tengslum við þess reglugerð skili sér. Flækjustig mun aukast verulega, þannig verður gisting skráð á mismunandi hátt. Heimagisting skráð hjá sýslumanninum í Reykjavík. Gisting í flokki II skráningarskyld hjá Umhverfisstofnun og gisting með veitingum skráð hjá Sýslumanni. Heilbrigðiseftirlit áætla tekjutap vegna starfsleyfisgjalda og brennuleyfa vera um 2.000.000 ISK. Hér er verið að úthluta Umhverfisstofnun verkefni sem heilbrigðiseftirlitið hefur sinnt til þessa. Flækjustig eykst og markmið laga og reglugerða um einföldun næst ekki. Þess má geta að hægt hefur verið að sækja um starfsleyfi í gegnum island.is í nokkur ár. Tveir hafa sótt um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í gegnum gáttina.

Það virðist vera komin hefð á að plokka verkefni frá heilbrigðiseftirliti og færa það ríkisstofnunum. 2010 fór eftirlit með kjötvinnslum og fiskvinnslum, urðunarstöðum ofl. til Umhverfis- og Matvælastofnunar. 2013 fór efnavörueftirlit til Umhverfisstofnunar og er einungis sinnt á höfuðborgarsvæðinu. 2015 fór eftirlit með minni fiskeldi yfir til Umhverfisstofnunar. Þetta fer að verða spurning um hvenær búið er að veikja heilbrigðiseftirlitið næjanlega til að leggja niður eftirlit sveitarfélaga og taka upp ríkiseftirlit.

Heilbrigðiseftirlitið mun veita upplýsingar og skýringar varðandi fjárhagsáætlun ef óskað er eftir.

Með kveðju

Anton Helgason

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Eftirlit@hevf.is, Anton@hevf.is